

Náttúrustofa Suðvesturlands
Garðvegur 1
Suðurnesjabær

Reykjavík, 16. júlí 2020
UST202007-168/H.H.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - friðlýst svæði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Suðvesturlands, dagsett 14. júní 2020, um leyfi fyrir drónaflugi innan nokkra friðlýstra svæða.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ var friðlýst sem náttúruvætti þann 25. júní 2020. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma jarðmyndanir innan náttúruvættisins nema til komi sérstakt leyfi frá Umhverfisstofnun og Garðabæ. Almennungi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Notkun fjarðstýrða loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema með fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Ástjörn er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingu nr. 189/1978. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar.

Rauðhólar eru friðlýstir sem fólvangur sbr. auglýsingu nr. 185/1974. Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Varmárósar eru friðlýstir sem friðland sbr. auglýsingu nr. 710/2012. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningi í friðlandinu

Reykjadalur er ekki friðlýstur, umsækjandi þarf að sækja um leyfi hjá landeiganda og/eða sveitarfélagi.

Lýsing verkefnis:

Unnið er að verkefni í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, vöktun náttúruverndarsvæða. Stefnt er að vakta Búrfellsgjá, Ástjörn í Hafnarfirði, Rauðhólar, Seltún í Reykjanesfólkvangi, Varmárósar og Reykjadal í Hveragerði. sumarið 2020 með mánaðarlegum heimsóknum. Tveir starfsmenn koma að verkefninu og er markmiðið að hnitsetja göngustíga og hentistíga, skrá ástand stíga, álagssvæði og skemmdir af völdum ferðamanna. Taka á myndir bæði af jörðu og með dróna.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið sé ekki leyfisskylt innan Reykjanesfólkvangs, Rauðhóla, Varmárósa og Ástjörn.

Umhverfisstofnun telur að verkefnið hafi jákvæð áhrif til lengri tíma litið, fuglar á svæðinu gætu orðið fyrir tímabundinni truflun á meðan drónaflug stendur yfir. Líklegt er að gestir svæðisins verði fyrir einhverri truflun á meðan verkefni fer fram.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Suðvesturlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá sbr. lýsingu hér að ofan júlí – september 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Rannsóknaraðilar skulu auðkenndir Náttúrustofu Suðvesturlands við vinnu sína.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur



René Biasone
sérfræðingur